

Rekstraraðili Keflavíkurflugvallar, Isavia ohf. (félagið), annast skipulag og ráðstöfun lóða á skipulagssvæði Keflavíkurflugvallar í samræmi við lög nr. 65/2023 um uppbyggingu og rekstur flugvallar og þjónustu við flugumferð og auglýst skipulag. Félagið hefur ákveðið að setja eftirfarandi

REGLUR UM RÁÐSTÖFUN OG ÚTHLUTUN LÓÐA Á SKIPULAGSSVÆÐI KEFLAVÍKURFLUGVALLAR (A-SVÆÐI)

1. gr. Tilgangur og markmið

Tilgangur reglnanna er að tryggja að lóðum á skipulagssvæði Keflavíkurflugvallar (svæði A), sem félagið hyggst ekki nýta sjálft, verði úthlutað á jafnræðisgrundvelli, á viðskiptalegum forsendum, með þarfir flugvallarins og notenda hans að leiðarljósi.

Markmiðið er að mæta raunhæfum áætlunum um uppbyggingu, vöxt og eftirspurn og tryggja rekstur Keflavíkurflugvallar til framtíðar sem flugvallar í fremstu röð.

Lóðum á svæði A verður aðeins ráðstafað eða úthlutað sem leigulóðum í samræmi við reglur þessar og almenna skilmála um úthlutun lóða á svæði A.

2. gr. Úthlutun

Ákvörðun um auglýsingu og úthlutun lóða eða lóðar skal tekin af stjórn félagsins og skulu tillögur þess efnis lagðar fyrir stjórn Isavia til afgreiðslu og jafnframt tillögur um þær reglur sem munu gilda um úthlutun tiltekinnar lóðar eða lóða.

Ef ákveðið er að úthluta lóð eða lóðum til leigu undir annað en eigin starfsemi félagsins skulu lóðir að jafnaði auglýstar til umsóknar til að tryggja jafnræði, viðskiptalegra forsendna félagsins og hagsmuni flugvallarins að leiðarljósi.

Félaginu er þó heimilt að ráðstafa lóðum til opinberra aðila án auglýsingar og eins til annarra aðila enda styðjist slík úthlutun við lögmæt og málefnaleg rök s.s. almannahagsmuni. Til að mynda er um að ræða innviðfyrirtæki s.s. fjarskipti, veitustarfsemi og löggæslu.

Áður en lóð er auglýst laus til umsóknar skal stjórn samþykkja hvaða forsendur/ reglur gilda um úthlutun tiltekinnar lóða eða lóða. Stjórn getur ákveðið að úthlutun lóðar taki mið af hæsta eða hagstæðasta boði, fram fari á grundvelli viðræðna eða samkeppni eða öðrum lögmætum og málefnalegum forsendum. Ávallt skal gæta að sjónarmiðum um jafnræði, gagnsæi og samkeppni eins og kostur er.

Við gerð forsendna úthlutunnar og auglýsingar skal m.a. taka mið af eftirfarandi atriðum eftir því sem við á:

- a) hæfisskilyrði umsækjanda, kröfur um fjárhagslegt hæfi, reynslu og þekkingu á flugstarfsemi, eða annarri starfsemi og önnur skilyrði sem félagið telur máli skipta,
- b) áskilnaður um útilokun,
- c) skilyrði um hvaða starfsemi er heimil á lóðinni, sem og önnur skilyrði eða takmarkanir sem máli skipta við ráðstöfun lóðar, þ.m.t. um skil við lok leigutíma,

- d) leiguverð eða ef óskað er eftir tilboði í leiguverð og skilyrði þess,
- e) önnur skilyrði sem máli skipta við ákvörðun um ráðstöfun lóðar,

Við mat á umsóknum má m.a. líta til eftirfarandi þátta:

- a) hvaða umsækjandi er best til þess fallinn að ná markmiðum flugvallarins um uppbyggingu borgaralegs millilandaflugs,
- b) hvort umsækjandi er þegar með starfsemi á flugvellinum,
- c) samkeppnislega hvetjandi þættir,
- d) umhverfis- og samfélagslegir þættir,
- e) önnur málefnaleg sjónarmið.

Samþykkt í stjórn Isavia,
dags. 15. janúar 2025